

## F E L L S M Ö R K

Fellsmörk er samheiti yfir jarðirnar Fell, Alftagróf og Keldudal í Mýrdal. Land það sem er tengt þessu skipulagi er um 300 ha að stærð. Skógræktarfélag Reykjavíkur fékk jarðirnar á leigu af Landbúnaðar-ráðuneytinu ásamt húsum og öðrum mannvirkjum. Jafnframt keypti félagið hluta af íbúðarhúsinu í Alftagróf. Þar er nú eftirlitsmaður með jörðunum.

Jarðirnar eru fengnar til skógræktar og er félaginu heimilt að leiga barna út lönd til félagsmanna, sjá meðf. landnemasamning, fskj. nr. 1.

### Byggingarreytir.

Landnemi getur fengið 1 ha skógræktarland og leyfi til að byggja skála á hinn leigðu spildu. Byggingarreitur er innan 2000 m<sup>2</sup> skákar sem merkt er á hverju landi.

### Helstu skilmálar.

Hafa skal í huga við alla mannvirkjagerð að megin markmið með framkvæmdum í Fellsmörk eru að bæta og fegra tilkomumikið land.

### Staðsetning.

Staðsetja skal hús í samráði við fulltrúa Skógræktarfélags Reykjavíkur og byggingarfulltrúa svæðisins sem hefur aðsetur í Vík. Ekki má staðsetja hús nær lóðarmörkum en 10 m. Að jafnaði skulu langhliðar húsa vera samsíða hæðarlínum. Þar sem hús standa í halla skal setja þau þannig að aldrei sé hærra en 1.5 m frá landi undan halla á gólf.

( Sjá skýringarmynd A) fskj. nr. 2.

Þök.

Hús skulu með rispaki og skal mænir liggja samsíða brekku. ( þ.e. hús skulu í megindráttum liggja samsíða hæðarlínum í landi).

Þök skulu vera í rauðum, brúnleitum eða grænleitum jarðlitum:

Dæmi til viðmiðunar: Þol: Mógrænt nr, 1058, Flöskugrænt nr 6249.  
jarðrautt nr. 2687.

Harpa: Flöskugrænt, Þoxydrautt , Mosagrænt.

Rex: Rúsrautt nr. 12 Kastaníubrunnt 15

Hempels: Mosagrænt nr. 4190. Rautt nr. 5070.

Grænt nr 4016.

Veggir.

Húsveggir skulu einnig í jarðlitum.

Dæmi til viðmiðunar: Kjörvari: nr. 581, 570, 677.

Woodex Acryl: Barkbrun nr.382, Gron umbra  
nr. 982, Svenskrod nr. 842.

Woodex Ultra: nr. 32,43, 45, 51, 58.

Sorp og sorphirða.

Mýrdalshreppur sér um sorphirðu á svæðinu fyrir ákveðið gjald í samráði við sumarbústaðaeigendur.

Rafmagn.

Rafmagn er við íbúðarhúsin á Felli og Alftagróf og verður hægt að fá rafmagn inni bústaðina ef óskað er. Rafmagnsveitur ríkisins í Vík Mýrdal sjá um framkvæmdir sími 9871132.

#### Girðingar.

Rafgirðingar eru um svæðin og eru þær fasttengdar. Girðingar voru settar upp af Ragnari Eiríkssyni Sauðárkrók og allt efni í þær frá Kaupfélagi Sauðárkróks. Sjá meðf. fskj. nr. 3.

#### Vatn.

Möguleikar til vatnsöflunar eru á nokkrum stöðum og eru þeir merktir V.1 o.s frv.

Landnemar munu sjálfir sjá um vatnsöflun.

#### Rotbrær.

Allir bústaðir skulu tengdir við rotbrær og skulu vera hæfilega stórar. Sjá meðf. teikn. heilbrigðisnefndar fskj. 4.

#### Vegir.

Vegarslóðar verða gerðir skv. skipulagi. Bílastæði eru sýnd á teikn.

#### Samkomu og leiksvæði.

Samkomu og leiksvæði eru sýnd á tveim stöðum við rústir gamla Fellsbæjarins og á tóni fyrir neðan Aftagróf. Þar verða einnig tjaldsvæði og stæði fyrir hjólhýsi. Á þessum tveim stöðum verður sett upp klósett og hreinlætisaðstaða. Sjá meðf. fskj. nr. 5.

#### Gönguleiðir.

Með skipulagningu er stefnt að því að gönguleiðir um svæðið verði greiðfærar enda eru girðingar innan svæðisins ekki leifðar.

Í framtíðinni er hugsað að aðalleiðir verði merktar og jafnvel að örnefni verði merkt.

Skógrækt og landgræðsla.

Eins og fram kemur á meðf. landnemasamningi fskj. 2 mundu landnemar gróðursetja tré og runna á sínar spildur.

Skógræktarfélag Reykjavíkur sér aftur á móti um aðrar gróðursetningar, sumt af því munu verða tilraunareitir. Takmarkið er að klæða landið einhverskonar gróðurþekju þ.e.s. allt land innan girðinga.

Skógræktarfélagið hafði í nokkur ár leitað að heppilegu landi fyrir félagsmenn sína því margir vildu leggja stund á skógrækt í frístundum sínum og mikill áhugi meðal þeirra að ná í ódýrt land til ræktunar.

Þó svo að stjórn félagsins fyndist þetta land nokkuð langt frá Reykjavík var tekin ákvörðun um að taka það á leigu og nú á fyrsta ári eru öll lönd setin.

Þarna er stórbrotin náttúra og miklir möguleikar til útivistar.

Fjöll og jöklar, gil og lækir stórfljót og sandar, fýlabyggðir í holóttum móbergshlíðum fjallanna auka mikið lífið í kring.

Þarna er sem sagt margt að sjá og heyra.